59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kirkjugarð við Möðruvalla-klausturs kirkju. 1861. 12. septbr.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir borið upp fyrir konungi þegnlega skýrslu um bænarskrá þá, er hingað kom með álitsskjali yðar herra amtmaður, dagsettu 28. febrúarm. þ. á., hefir hans hátign 7. þ. m. allramildilegast fallizt á, að verja megi 200 ríkisdölum af fè Möðruvalla-klausturs kirkju til styrks handa sóknarmönnum til að byggja kirkjugarð við kirkju þessa úr trè og grjóti, þó svo, að öllu verkinu sè lokið innan 1. októbermánaðar 1863, og að þegar þar að kemur verði gjörð skilagrein fyrir því, hvernig fènu hafi verið varið.

Um leið og yður er birt þetta, yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það þeim, er hlut eiga að máli, skorar dómsmálastjórnin á yður, að gjöra þær ráðstafanir, er þarf, samkvæmt konungsúrskurði þessum, og að senda stjórnarráðinu síðan skýrslu um málið.

---

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um laun handa settum hèraðslækni. 12. septbr.

Eptir að dómsmálastjórnin með brèfi yðar, herra amtmaður, 26. júlím. þ. á., er búin að fá svar frá Lind hèraðslækni, viðvíkjandi því, að hann er settur til að gegna hèraðslæknisembætti í nyrðra umdæmi vesturamtsins, skal yður það nú til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það þeim, er hlut á að máli, að frá 1. degi októbermánaðar næstkomanda getur hann aðeins fengið laun samkvæmt lögum 19. febrúarm. þ. á. 8. gr. smbr. 4. gr., og 3. gr. 2. tölul.; en eptir þessum lagagreinum á hann, auk launa sinna sem hèraðslæknis í syðra læknisumdæmi vesturamtsins, að upphæð 625 rdl., og launaviðbótar þeirrar, sem honum ber af þeim launum, sem er 12 rdl. 64 sk. á mánuði, það sem eptir er fjár-

1861. 12. septbr. hagsársins, aðeins að fá að tiltölu af þóknun, er sè reiknuð til 250 rdl. á ári, eður 20 rdl. 80 sk. á mánuði, sem settur hèraðslæknir í því embættinu, er fyrst var nefnt.

Því skal við bætt, að embættismaður þessi skal fá nákvæmari úrskurð um það, er hann hefir sótt um að fá þá 25 rdl., sem lagðir eru hèraðslæknisembættinu í nyrðra umdæminu í staðinn fyrir ábúðarjörð læknis.

---

12. septbr. **61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán af kollektusjóðnum sökum dýrtíðar.**

Með hinu síðasta póstskipi fekk dómsmálastjórnin bænarskrá alþingis 30. júlím. þ. á.; í henni hefir þingið í einu hljóði farið þess á leit, að veitt yrði á yfirstandandi sumri peningalán, að minnsta kosti 7000 rdl., úr hinum svonefnda íslenzka kollektusjóði, til að kaupa kornvöru fyrir handa bágstöddustu sveitunum í Borgarfjarðar sýslu og Kjósar- og Gullbringu sýslum, á þann hátt, að lán þetta verði endurgoldið með 1000 ríkisdölum á ári, og að af því verði goldnir 4 af hundraði í vöxtu, þangað til búið er að borga það aptur að fullu.

Eptir því sem lýst er í bænarskránni, hvernig ástatt sè í sýslum þessum og eptir því, sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið tilgreint í álitsskjali því er þèr, sem konungsfulltrúi á alþingi, rituðuð 10. dag f. m., hefir dómsmálastjórninni, í von um samþykki konungs, þótt hlýða, að veita yður með brèfi þessu vald til að láta borga til yðar til bráðabyrgða úr jarðabókarsjóði Íslands fè, er eigi nemi meiru en 7000 rdl., til þess að verja því í því augnamiði, sem að ofan er á vikið, og að öðru leyti með þeim kjörum, er alþingi hefir stungið upp á, en það er á þann hátt, að $\frac{1}{7}$ af láni þessu verði endurgoldinn á ári hverju, og að það að eins verði veitt hreppunum í sýslum þessum, en ekki einstökum mönnum, að svo miklu leyti, sem þeir eigi mynda sveitarfèlag.